

P Ú L S I N N



SKÓLABLAÐ
GRUNDASKÓLA
1. tbl. - 8. árg.
Maí 2002

Frá ritstjórn

Nú fer skólaárinu senn að ljúka og skólablaðið, Púlsinn loksins komið út. Það er mikil vinna að setja svona blað saman og það var engin undantekning á því í ár. Við tókum viðtöl við þekktu Íslendinga, smá spjall við yngri krakkana og margt fleira.

Þetta blað er framlag árgangs '86 sem kveður skólann þegar þessu skólaári lýkur.

Efnisval er fjölbreytt og á að höfða til breiðs hóps lesenda.

Skólablaðið er einnig kveðja til annarra nemenda og starfsmanna þar sem við drögum saman skólagöngu okkar í svonefndri árgangsrítgerð sem segir frá ýmsu af því skemmtilega og góða sem við minnumst.

Við þökkum öllum þeim sem veittu okkur hjálparhönd við útgáfu og innihald þessa blaðs.

**Kveðja,
ritstjórn**



PÚLSINN

Skólablað

Grundaskóla, Akranesi

Ábm.:

Hrönn Ríkharrósdóttir

Umsjón með útgáfu:

Laufey Karlsdóttir og
Sigurður Arnar Sigurðsson

Umsjón með efni:

Laufey Karlsdóttir

Prentvinnsla:

Prentverk Akraness hf.



Heimsíða Grundaskóla:

<http://grundaskoli.ismennt.is>

Netfang Grundaskóla:

grundaskoli@grundaskoli.is

Ljóð

Frelsið

*Birtan læðist inn í hjarta mitt,
glæðir sál mína glóandi ljósi.
Eins og engill sem yfirgaf líf sitt,
mér finnst sem tíminn frjósi.*

*Gleði færir augum mínum bjarma,
loks geri ég það rétta.
Framtíð mín bíður með opna arma,
líf mitt er ekki lengur flækt flétta.
Tóta*

Ljóð um Grundaskóla

*Ég er útskrifaður úr þeim skóla,
þarf ég ei lengur í hann að hjóla.
Er feginn að þetta er búíð
því að vera þar, var orðið frekar lúíð.*

*Það voru oft gaman að vera í honum
bæði með kórlum og konum.
Þar voru bæði drengurinn og daman,
er léku sér ætíð fallega saman.*

Xxx

Hrönn Ríkharrðsdóttir, skólastjóri:

Ávarp skólastjóra

Kæru nemendur og foreldrar í Grundaskóla. Ágætu Akurnesingar.

Þið hafið nú fengið í hendur nýtt eintak af Púlsinum, skólablaði Grundaskóla. Að venju er efni blaðsins fjölbreytt og vandað. Púlsinn er að mestu unninn af nemendum unglingsáæildar Grundaskóla í blaðaútgáfuvali undir stjórn Laufeyjar Karlsdóttur, kennara. Fjölmargir aðilar innan bæjar sem utan hafa auglýst í blaðinu með einum eða öðrum hætti. Þátttaka þeirra gerir skólanum kleift að dreifa skólablaðinu á Akranesi og eru þessum aðilum sérstaklega færðar þakkir fyrir ómetanlegan stuðning.

Það er mér sönn ánægja að skrifa þetta ávarp í skólablaðið. Á þessu skólaári sem er hið tuttugasta og fyrsta í sögu skólans hefur margt gerst, sumt hefðbundið og annað nýtt eins og gengur. Nefna má sem dæmi um nýjungar að nýir kjarasamningar grunnskólakennara og sveitarfélaganna tóku gildi 1. ágúst 2001 og í þeim fólust margs konar breytingar á bæði kjörum kennara en ekki síður á starfi þeirra og starfsumhverfi. Vel hefur tekist til með framkvæmd samningsins í skólanum þegar á heildina er litið en engu að síður hafa margar spurningar vaknað þar sem ýmsar hliðar hans eru óljósar. Eins og fram kemur annars staðar í blaðinu var 20 ára afmæli skólans fagnað á árinu, það er auðvitað einstakt. Sem dæmi um hefðbundna þætti í skólastarfinu nefni ég að nemendur og starfsfólk stóðu að bæði hæfileikakeppni og árshátíð með miklum glæsibrag, vordagar voru á sínum stað sem og sjávarútvegspemað svo eitthvað sé nefnt.

Á næsta skólaári verður Grundaskóli einsetinn og margs konar breytingar sem eru því sam-

fara hafa í vetur verið til umræðu og í vinnslu á meðal starfsfólks skólans. Foreldraráð, foreldrafélag og nemendafélag hafa líka tekið þátt í þeirri vinnu þótt í minna mæli sé en við hefðum óskað, en þar er við skólann að sakast. Við fögnum þessu samfara að bygging síðasta hluta Grundaskóla er langt komin og verður tekin í notkun á komandi hausti. Við fögnum mjög þessari byggingu sem gerir okkur kleift að einsetja Grundaskóla. Samstarfið og sambúðin við alla þá sem að nýbyggingunni hafa komið hefur verið með ágætum og alltaf skemmtileg. Við erum þakklát fyrir þá aðstöðu sem skólanum er sköpuð og munum gera allt sem í okkar valdi stendur til þess nemendur njóti ekki aðeins hennar heldur og alls þess besta í kennsluháttum og kennslugögnum sem völ er á á hverjum tíma.

Við segjum hér í bænnum án þess að depla auga að Skagamenn séu bestir, en þá oftast í öðru samhengi. Þegar við förum á fótboltaleik snúum við bókum saman, stöndum saman og viljum sigur og ekkert annað. Rámir eða jafnvel raddlausir fara menn svo heim og oftast eða að minnsta kosti oftast en ekki sáttir við sína menn og niðurstöðuna. Við sættum okkur ekki við að menn leggi sig ekki fram. Ég vil að við vekjum þennan metnað til allra verka, þetta metnaðarfulla viðhorf til alls þess sem við tökum okkur fyrir hendur og mér finnst að við eigum að segja það upphátt. Við eigum líka að vekja þennan metnað til skólastarfs. Við gerum kröfur til nemenda um að þeir leggi sig alla fram, að þeir geri allt framúrskarandi vel, annað er óásættanlegt.

Við gerum faglegar kröfur til okkar sem störfum í skólanum og til foreldra og bæjaryfirvalda um að standa á bak við okkur og



styðja okkur til góðra verka. Það er okkar að sjá til þess að skólastarfið þróist og breytist og sé bæði framsækið og metnaðarfullt.

Við segjum það gjarnan hér og finnst nú sumum nógu um að Grundaskóli sé góður skóli. Hann er góður vegna þess að hér eru frábærir nemendur sem eiga góða foreldra og síðan er starfsfólkið eins og best verður á kosíð. Við leggjum áherslu á metnaðarfullt og framsækið skólastarf þar sem nemandinn er í öndvegi. Við erum sannfærð um að við getum alltaf gert betur, við erum gagnrýnin á eigið starf og álitum að fyrir nemendur okkar sé aðeins hið besta nógu gott.

Míg langar til að enda þennan pistil minn með því að vitna í merkilega og góða gjöf sem skólanum var afhent við skólaslit 5. júní s.l. Um er að ræða kveðju foreldrafulltrúa veturinn 2001 - 2002 og hugmyndir þeirra um skólastarf í Grundaskóla. Þar segir:

Skólinn okkar

Styrkur Grundaskóla er:

Samvinna heimilis og skóla

Samheldni nemenda

Öflugt foreldrastarf

Góðir kennarar

Allir eru jafnir

Opinn, lifandi og jákvæður skóli

Árvekni og frumkvæði

Frábærir kennarar og annað starfsfólk

Yndislegir nemendur og virkir foreldrar

Alltaf allir velkomnir í skólann

Með þessum orðum þakka ég fyrir samstarfið í vetur og óska nemendum og foreldrum þeirra, starfsfólki öllu og samstarfsaðilum stórum og smáum ánægjulegs sumars.

TAKMÖRKUN HÁMARKSHRAÐA Á NETINU LOKIÐ

Njóttu þess að geta flakkað um Netið á mun meiri hraða en áður. SÍMINN INTERNET býður upp á nokkrar gerðir **ADSL-pakka*** fyrir mismunandi þarfir notenda. Léttkaupsútborgun er frá **1.990 kr.**



Nánari upplýsingar um **ADSL-tengingu** er að finna í gjaldfrjálsu þjónustunúmeri Símans, 800 7000, á siminn.is og í verslunum Símans.

* Innifalið í öllum pökkunum er 2 mánaða internetáskrift (miðað við 500 MB gagnamagn frá útlöndum).

Jóhanna Karlsdóttir, aðstoðarskólalastjóri:

Skólastarf Grunda- skóla 2001 - 2002

Grundaskóli var settur mánudaginn 27. ágúst 2001. Allir nemendur skólans komu á sal ásamt umsjónarkennurum og voru boðnir velkomnir í skólann. Nemendur eru 460 í 23 bekkjardeildum. Fast-ráðnir kennarar við skólann eru 39 auk skólalastjóra og aðstoðarskólalastjóra. Stundakennarar eru 6. Skólaárið hefur verið lengt um 10 daga og tók sú breyting gildi s.l. haust. Skólinn var tvísetinn þetta skólaár í síðasta skipti.

Nám og starf

Samkvæmt skólanámskrá Grundaskóla er gert ráð fyrir fjölbreyttum viðfangsefnum í námi og starfi við skólann. Ýmsar hefðir hafa skapast varðandi val þeirra og er gaman að vekja athygli á nokkrum sérstaklega.

Fyrst skal nefna samstarfsverkefni leikskóla og grunnskóla á Akranesi sem nefnist Brúum bilið. Þá fara fram nemendaskipti milli elstu nemenda leikskóla og 1. bekkjar grunnskóla einu sinni í viku yfir veturinn. Því starfi lýkur með vorskóla eina viku í maí. Þetta samstarf hefur gefist sérlega vel og er mjög mikilvægt fyrir nemendur beggja skólastiga.

Í 2. bekk var meginviðfangsefni vetrarins nefnt „Um mig.“ Nemendur söfnuðu fjölbreyttum verkefnum í stóra og vandaða bók sem gaman er að varðveita alla tíð. Þeir kynntu verkefni á foreldra-skemmtun í lok skólaársins.

3. bekkur vann viðamikil verkefni sem nefnast „Gatan mín“ og „Bærinn minn“ og kynntu verkefni fyrir foreldrum í lokin.

Fjórði bekkur vann skemmtileg verkefni um líf í heitum og köld-

um löndum. Einnig var þar unnið stórt verkefni um húsdýr og sveit.

Í fimmta bekk voru unnin sérlega fjölbreytt verkefni um vikinga. Mörg þeirra tengjast list- og verkgreinum ásamt upplýsingaleit. Í tengslum við vikingaverkefnið fór 5. bekkur í skólaferðalag í Dalina og í heimsókn að Eiríksstöðum í Haukadall, fæðingarstað Leifs heppna. Skemmtileg kynning fyrir foreldra fór fram í maí.

Í 6. bekk má geta þemaverkefnis um Snorra Sturluson. Það tókst sérlega vel. Nemendur sýndu mikinn áhuga og dugnað og sást vel á veggjum bekkjarstofa hve fjölbreytt og vönduð verkefni þeirra voru. Farið var í skólaferðalag í Reykholt í lok þessa verkefnis.

7. bekkur tók þátt í Stóru upp-lestrarkeppninni sem er orðin árviss viðburður í skólalastarfinu. Henni lýkur með lokakeppni sem er sameiginleg hjá grunnskólunum. Nemendur stóðu sig mjög vel í undirbúningi og keppni.

Árlega fer 7. bekkur í skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði. Sú ferð var farin um mánaðarmótin apríl-maí og tókst mjög vel.

Í sambandi við 8. bekk er vert að geta skemmtilegs verkefnis sem var unnið í desember. Nemendur bjuggu til jólasögu sem var útfærð í athyglisverðum veggskreytingum í bekkjarstofum.

Sjávarútvegspema var í 9. bekk og er það árviss og ómissandi þáttur í skólalastarfinu. Nemendur unnu fróðleg og skemmtileg verkefni sem enduðu með sýningu og sjávarréttarveislu.

Félagslíf

Hæfileikakeppni hjá 8.-10 bekk fór fram í október og var mjög glæsileg. Nemendur skólanna



stóðu sig afar vel. Við höldum að varla væri hægt að halda keppnina án Flosa Einarssonar tónlistarkennara sem var í námsleyfi erlendis, en það tókst með frábæru framlagi kennara við skólann og góðri aðstoð nokkurra tónlistarmanna hér í bæ.

Árshátíð skólans var í mars. Hún er fastur liður í skólalastarfinu. Allir nemendur í 1.-7. bekk komu fram í skemmtiatriðum undir stjórn kennara og stóðu sig frábælega vel. Boðið er upp á leiklist sem valgrein í unglingadeild og er afrakstur þeirra leikrit á árshátíð. Margir nemendur í unglingadeild vinna við árshátíðina, bæði sem sviðs- og tæknimenn.

Nokkur böll eru haldin í samvinnu grunnskólanna og félagsmiðstöðvarinnar í Arnardal. Má þar nefna jólaball, árshátíðarball og lokaball á vorin.

Þau hafa farið sérlega vel fram og eru nemendum til sóma.

Bekkjarkvöld eru í öllum árgöngum og skemmtanir með foreldrum. Oft eru þau haldin í lok stórra verkefna og kynna nemendur gjarnan viðfangsefni fyrir foreldrum. Mæting foreldra á slíkar skemmtanir er sérlega góð. Nemendur í 6., 9. og 10. bekk fóru í Skorradal og lokaferð 10. bekkjar var eins og hefðbundið er í Þórs-mörk.

Hér hafa aðeins verið nefnd örfá atriði úr skólalastarfinu í vetur. Vissulega mætti nefna fleiri en hér verður látið staðar numið.

Grundask



Sigríður Indriðadóttir.

- *Hvað finnst þér um skólann?*
Mér finnst hann vera mjög góður skóli.

- *Hvað finnst þér um einsetninguna og nýju bygginguna?*

Mér list bara vel á það.

- *Gekkst þú í Grundaskóla? Hvernig var skólinn þá?*

Já, í fyrsta árganginum, hann var lítill og notalegur.

- *Er skólinn eitthvað breyttur frá því að þú gekkst í hann?*

Já, hann hefur stækkað mjög mikið og starfið hefur breyst og þróast.



Ingibjörg Haraldsdóttir.

- *Hvernig list þér á skólann? Ljómandi vel.*

- *Finnst þér skólinn hafa breyst mikið frá því er hann var byggður?*

Mér finnst hann ekki hafa breyst mjög mikið en samt svolítið.

- *Hefur þú skoðun á einsetningu skólans?*

Mér finnst hún bara vera mjög jákvæð.

- *Eitthvað að lokum?*

Til hamingju með afmælið, Grundaskóli.

Laugardaginn 6. október árið 2001 voru 20 ár liðin frá því að Grundaskóli tók til starfa. Þegar við upphaf skólaársins var hugað að afmælishaldi og ákveðið að skipa nefnd sem bera skyldi ábyrgð á öllu hátíðahaldi skólans þetta árið. Nefndina skipuðu: Elís Þór Sigurðsson, formaður, Gunnar Sturla Hverarsson, Heiðrún Hámundardóttir, Helena Bergström og Sigríður Indriðadóttir.

Það var ákvörðun nefndarinnar í samræði við starfsfólk skólans að halda upp á afmælið á afmælisdaginn sjálfan 6. október. Umræður um form og markmið afmælishaldsins tóku nokkurn tíma. Allir voru sammála um að þetta ætti að vera skemmtun ekki síður en fræðsla og í samræmi við það varð niðurstaðan að afmælið ætti fyrst og fremst að vera fyrir nemendur. Þeir væru í senn gestgjafar og fulltrúar afmælisbarnsins. Það var einnig markmið að sýna skólann og starfið sem þar fer fram. Ákveðið var að skólinn yrði opinn á afmælisdaginn frá kl. 10.00 og lokapunktur dagskrárinnar yrði sameiginlegur. Ákvörðun um þann þátt beið.

Að þessum niðurstöðum fengnum hófu kennarar að vinna með sínum nemendum. Margs konar vinna fór fram í skólanum vikunnar fyrir afmælið og allir uppteknir við að vinna úr hugmyndum og

finpússa þær. Umsjónarkennarar héldu áfram hver með sínum bekk og valgreinakennarar tóku þátt í undirbúningi með sinni sérþekkingu. Heimilisfræðikennararnir lögðu sitt af mörkum þegar þeir bökðu allt kaffibrauð og meðlæti með nemendum í heimilisfræðitímunum.

Síðan rann afmælisdagurinn upp. Eftirvæntingin sem fylgdi veðurspánni var að venju nokkur en veðrið var okkur hliðhollt. Nemendur voru að tínast í húsið upp úr kl. 9.30 og þegar klukkan nálgadist tíu var ljóst að þátttakan var almenn. Foreldrar, afar og ömmur, systkini og aðrir gestir fylltu skólann. Nemendur buðu upp á margs konar verkefni og skemmtiatriði auk veitinga sem þeir höfðu útbúið sjálfir með Ingibjörgu og Katrínu, heimilisfræðikennurum. Viðfangsefnin voru mismunandi eftir aldri nemenda en mjög fjölbreytt. Gestirnir fóru á milli kennslustofa þar sem nemendur voru við vinnu sína en einnig var boðið upp á myndasýningu á sal skólans og gömul myndaalbúm lágu frammi. Margir gamlir nemendur skemmtu sér konunglega við að skoða sjálfa sig frá skólaárunum.

Eftir hádegj var farin skrudganga með Heiðrúnu, tónmenntakennara í broddi fylkingar ásamt nemendum úr tónlistarvali ungl-



óli 20 ára



ingastigsins. Þau sáu um taktinn og nemendur, kennarar, annað starfsfólk skólans og gestirnir fylgdu á eftir. Fjölmennri skrúðgöngunni lauk á skólalóðinni við hólana þar sem ákveðið hafði verið að hafa fjöldasöng. Tónlistarfólk í kennaraliðinu ásamt Lárusi Sighvattssyni, skólastjóra Tónlistarskólans gerðu mögulegt að halda uppi kraftmiklum og skemmtilegum söng. Mörg hundruð manns sátu eða stóðu og sungu af hjartans list.

Að fjöldasöngnum loknum voru útileikir og þrautir á skólalóðinni. Íþróttakennarar skólans sáu um þann þátt og er óhætt að segja að hann hafi einnig vakið lukku. Meðal þeirra sem þar voru má nefna markmann nýbakaðra Íslandsmeistara Skagamanna, Ólaf Þór Gunnarsson, en nemendur spreyttu sig á að skora hjá Ólafi.

Það gekk vissulega misvel en menn skemmtu sér nið besta.

Skólinn fékk bæði gjafir og blómasendingar í tilefni dagsins. Hér með eru færðar þakkir þeim fjölmörgu sem minntust skólans á afmældisdaginn. En þakkir fá einnig nemendur og allt starfsfólk sem lögðu á sig mikla og óeigingjarna vinnu til að hægt væri að halda upp á afmælið. Og þá ber að minnast allra þeirra fjölmörgu gesta sem komu í skólann, án þeirra hefði afmælishaldið ekki verið svipur hjá sjón.

Við sem vinnum og stundum nám við Grundaskóla teljum skólann okkar góðan skóla. Markmiðið með afmælishaldinu var meðal annars að sýna foreldrum og gestum, og bæjarbúum öllum metnaðarfullt og framsækið skólastarf í umhverfi sem stuðlar að jákvæðri sjálfmynd nemenda og sjálfstæðum vinnubrögðum.



Aðalbjörg Guðmundsdóttir.

- Hvað finnst þér um skólann?

Mér finnst bara agalega fint að skoða hann.

- Finnst þér skólinn hafa breyst á þessum tuttugu árum?

Ég hef aldrei áður skoðað allan skólann að innan né séð þegar starfsemin er í fullum gangi.

- Hefur þú einhverja skoðun á einsetningu skólans?

Mér finnst einsetningin vera bara fin.

- Eitthvað að lokum?

Það var gaman að koma hingað.



Kári Víkingur.

- Hvernig er í skólanum?

Það er skemmtilegt.

- Hvert er uppáhaldsnáms efnið þitt?

Íþróttir.

- Er búið að vera gaman að undirbúa afmælið? Hvað gerðuð þið?

Hmmm . . . hvaða afmæli? Ójá, afmæli Grundaskóla. Jú, það er búið að vera fint. Við erum bara búin að vera að skreyta og svoleiðis.

Meiri metnaður - magnaðri nemendum

Síðastliðið haust fengu kennarar við unglíngadeildina styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla vegna sveigjanlegra kennsluhátta á unglíngastigi. Um var að ræða hluta af styrk sem sótt var um og því var eitt verkefni valið, náttúrufræði - umhverfismál og stóriðnaður. Verkefnið var ætlað

afburðanemendum í 9. og 10. bekk. Kennarar völdu nemendur og gengu út frá ákveðnum þáttum við það val. Niðurstaðan varð 14 nemendur sem mynduðu einn hóp og gekk hópurinn eftir það undir nafninu Krílin.

Krílin heimsóttu Sementsverksmiðjuna, Járnblendistöð á Grundartanga og Norðurál. Þau fengu m.a. fyrirlesara sem kynnti hvernig mat á umhverfisáhrifum fer fram. Krílin unnu mismunandi verkefni í tengslum við ofangreind fyrirtæki og fluttu þau á sýningu meðal for-



eldra, kennara og fulltrúa fyrir-tækjanna. Vinnan gekk vel og voru kennarar og aðrir sem komu að verkefninu ánægðir.



Hvutti hjálpar Ástu að fara yfir námsbækur.

Hundurinn okkar hann

Hvutti

Hann Hvutti kom í bekkinn okkar, 3. ÁE, í fyrra. Hann kom með okkur heim og gisti hjá hverju okkar eina nótt. Í sumar var hann heima hjá Ástu kennara og Emilíu bekkjar-systur okkar. Í haust þurfti hann að fara heim til Ástu kennara af því að lúsin skaut upp kollinum. Þess vegna verðum við að skrifa honum bréf, sem Ásta fer með til hans.

Hvutti er hvolpur af ætt bola-bíta og tuskudýra. Hann er brúnn og mjúkur bangsahvolpur, sem er vínur vina sinna. Öllum í 3. ÁE þykir vænt um hann.

Sigríður Lóa, 3. ÁE.

Viðtöl við 6 ára börn

Hvernig verður regnboginn til ?

- Hann verður til af málningarslettum.


Hvar eru jólasveinarnir á sumrin?

- Uppá fjöllum.

Hvar er Guð og hvað gerir hann?

- Hann á heima á himninum og hann skapar fullt af fólki.

Arnar 1. H.K.A



Hvernig verður regnboginn til ?

- Þegar sólin og rigningin blandast saman.

Hvar eru jólasveinarnir á sumrin?

- Þeir búa í fjöllum.

Hvar er Guð og hvað gerir hann?

- Hann á heima uppi himninum og fylgist með okkur og passar.

Adda Malin 1. E.B.D



Hvernig verður regnboginn til ?

- Guð malar hann.

Hvar eru jólasveinarnir á sumrin?

- Uppi á fjöllum.

Hvar er Guð og hvað gerir hann?

- Á himnum að passa okkur.

Sævar Berg 1. S.I



Heimsókn frá Svíþjóð

Dagana 2.-7.maí fengu 10. bekkingar sænska jafnaldra sína í heimsókn.

Á ferðinni voru 23 krakkar frá Tranás ásamt kennurum sínum og voru þau í skólaferðalagi. Krakkararnir höfðu verið í bréfaskiptum (e-mail) frá því í fyrrahaust þannig að þeir þekktust orðið lítillega. Heimsóknin féll vel inn í lífsleikni-nám 10. bekkinga því þeir tóku á sig gestgjafahlutverkið og allt það sem því fylgir.

Gestirnir gistu í heimahúsum og sýndu nemendur og foreldrar þar í verki rómaða íslenska gest-risni. Svíarnir tóku þátt í skóla-

starfinu, æfðu sig m.a. í ensku, dönsku og fóru í sund. Þá fóru bæði gestir og gestgjafar (nemendur) vestur á Snæfellsnes og gistu í Lýsuhólsskóla. Þar var ýmislegt brallað en Svíunum fannst stór-merkilegt að geta um miðja nótt

farið í sund, setið í heitum potti og notið hárra fjalla í miklu návígi.

Það voru því glaðir en þreyttir gestir sem yfirlögðu Akranes og eftir voru ánægðir gestgjafar sem höfðu verið bæjarfélagi sínu til sóma.



EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKJA ÚTGÁFU ÞESSA BLAÐS

Akranesti ehf.

Bifreiðastöð ÞÞÞ

Blómahúsið

Brauða- og kökugerðin

Brautin ehf.

Esso - Skútan

Fasteignamiðlun Vesturlands

Fasteignasalan Hákot

Fortuna - veislupjónusta

Grundaval

Harðarbakarí

Hárstíll ehf.

Hjólbarðaviðgerðin

Hljómsýn

Hópfærðir Reynis Jóhannssonar

Hrói Höttur

Hönnun hf.

Íslandsbanki Akranesi

Íslenska Járblendifélagið

Íþróttamiðstöðin Jaðarsbökkum

Lyf og heilsa Akranesi

Lögreglan á Akranesi

Magnús H. Ólafsson

Málningarbúðin

Mozart - Kirkjubraut 1

Rafnes

Sementsverksmiðjan

Sérleyfisferðir Sæmundar Sigmundssonar

Sjóvá-Almennar

umboð á Akranesi

Sjúkraþjálfun Georgs V. Janussonar

Straumiðjan ehf.

Tónlistarskólinn á Akranesi

Trésmiðjan Akur ehf.

Trésmiðja Þráins E. Gíslasonar

Uppgrip Akranesi

Verslunin Bjarg

Þorgeir & Ellert hf.

Árgangur



Fyndið er að hugsa til þess að við eigum eftir að útskrifast úr þessum skóla í vor. Eftir öll 10 árin sem við höfum eytt í Grundaskóla, í lærdóm og stórkostlega skemmtun. Að hugsa um þessi 10 ár sem virðast vera heil eilífð en hafa í raun verið eins og ein vika að liða.

6 ára grislingar mæta í skólann

Á fyrsta skóladegi okkar tók Elísabet Jóhannesdóttir vel á móti okkur. Hún var umsjónarkennari beggja bekkjanna, en fékk þó aðstoð frá Jóhönnu Karlsdóttur og Ástu Egilsdóttur. Annað skólaárið tók Elín Bjarnadóttir við bekknum

„fyrir hádegi“ en Elísabet þraukaði með hinn bekkinn alla leið upp í 5. bekk. En þá tók Elín Bjarnadóttir einnig við þeim bekk. Í lok 5. bekkjar flutti hún svo til Sandgerðis. Um haustið í 6. bekk tóku þau Guðmundur Gíslason og Laufey Karlsdóttir við bekkjunum. Laufey hélt áfram með sinn bekk og er enn. Guðmundur hætti eftir 2 ár og þá tók við Rósa Einarsdóttir. Síðan kom Sigríður Ragnarsdóttir og svo loks Borghildur Jósúadóttir.

Skemmtilegar minningar

Í fyrsta bekk var vinsælasti leikurinn „kiss kiss“ eins og hjá flest-

um árgöngum, en þá hlupu stelpurnar um allt til að forðast koss aflens frá strákonum.

Þorgerður Sveinsdóttir eða Gerða eins og við köllum hana ætlaði að vera voða indæl í 2. bekk við Þóru og lána henni blýant, en í leiðinni stakk hún Þóru í augabrúnina með blýantinum sem olli því að hún fékk skurð og endaði upp á spítala með nokkur spor og er enn þann dag í dag með ör á augabrúninni.

Í 4. bekk þóttist Jón Steinar hafa gleypst orm og sagði öllum að hann væri kominn niður í maga, en svo þegar að enginn sá til dró hann orminn út úr sér og sleppti greyinu lausu á gangstéttina.

Krakkarnir í E.J bekknum byrjuðu að stunda eltingar- og kyssileikinn ABC í 4. bekk. Þau stunduðu þennan leik af miklum áhuga þar til þau komu upp í 7. bekk.

Í fimmta bekk streymdu ástarbréf á milli. Dagrún olli Jakobi miklum sárindum þegar hún reif eitt bréfanna og henti því í ruslið. En Jakob lét hana í friði eftir það. Gerða var ofsótt af Tóta, en þegar að hún var orðin virkilega pirruð, tók hún sig til og tróð honum ofan í ruslafötuna, eins langt og hún gat.

Í 6. bekk varð veruleg breyting því að eftirhádegisbekkurinn eða 6. GS var færður fyrir hádegi og þá kynntust bekkirnir betur. Í 6. bekk fór árgangurinn allur í Skorradal og þar meðal annars synti Habbó í ísköldu vatninu á nærbuxunum og bol. Á kvöldvökunni var haldið drag-show, þar sem Jón Vilhelm sigraði með miklum yfirburðum, enda hefur drengurinn alltaf verið ansi skrautlegur með sínar kvenlegu hliðar.

„Date-tímabilið“ hófst í 7. bekk, þegar að flest allir byrjuðu



'86 kveður

saman. Farið var í skíðaferð upp í Bláfjöll og seinna í Reykjaskóla, þar sem kærustupörin og aðrir nemendur eyddu 5 skemmtilegum dögum. Marianna upplýsti Þóru og Arnór um að þau væru ekki feit heldur bara „vel mósuð“.

Loks var ferðinni heitið upp í unglíngadeildina, og þvilklegheit. Eins og flestir 8. bekkingar vorum við feimin og héldum okkur gjarnan inn í stofu í frímínútnum. Farið var í Skálholtsferð vegna undirbúnings fyrir fermingu. Í messunni um kvödið þegar



lega á því að bruna niður stærstu brekkuna. Hún lenti þannig að hún viðbeinsbrotnaði, fékk heilahristing og var flutt með sjúkrabíl á sjúkrahús í Reykjavík.

höfum ferðast víða fórum meðal annars í Skorradal og skíðaferð upp í Bláfjöll. Habbó fékk skíðastaf í gegnum neðri vörina, Valgeir fór úr axlarlið og Jón Vilhelm tognaði á hálsi. En þessi slys urðu öll á sömu tíu mínútnum!



presturinn var að tala rak Óttar heiftarlega við og lyktin, ekki sú besta mengaði allt andrúmsloftið í salnum en þetta rauf þögn nemenda, sem að veltust um af hlátri.

Í 9. bekk var farið í skíðaferðalag, þar sem við gístum eina nótt í Ármannsskálanum í Bláfjöllum. Vakað var frameftir öllu og ýmislegt skemmtilegt gerðist sem sagt; knús og kelerí.

Arna lenti í því að slasa sig illi-

Einnig var farið í ferðalag upp í Tungu þar sem rúða var brotin í glugga á draugahúsinu vegna hjátrúar um það, að ef kastað væri einum steini í gluggann og hann brotinn kæmi meiri vindur. En við lentum í því að borga viðgerðir á húsinu! Berglind og Ingi byrjuðu saman inni í draugahúsinu.

Árið í ár eða 10. bekkjar árið okkar hefur verið skrautlegt. Við

Dagrún, Ölli, Maren, Högni og Hildur voru tímabundið á hækjum nú í vetur. Enn eitt óhappið varð á einni leiklistaræfingu fyrir árshátíð þegar Þór Bínó var að æfa sig í því að lyfta upp steini þá missti hann jafnvægið og datt aftur fyrir sig og steinninn á eftir. Hann stóð samt rólegur upp aftur (gleymdi ekki hlutverkinu sínu) og hélt utan um puttann. Sprungu þá allir viðstaddir úr hlátri eða þar til að þeir sáu puttann sem var alblóðugur og sást í beinið.

Þessi árgangur hefur sem sagt gengið í gegnum bæði súrt og sætt og mun örugglega enginn gleyma góðum minningum héðan úr Grundaskóla.

En núna erum við búin að segja frá þessum 10 árum í stuttu máli en auðvitað var það margt fleira skemmtilegt sem gerðist en við ætlum bara að halda því fyrir okkur. Við viljum þakka öllum kennurunum sem kenndu okkur, öllu starfsfólkinu og svo framvegis fyrir frábærar stundir.

Kær kveðja, árgangur '86.

Hæfileika- keppnin og Hátóns- barkinn

Hæfileikakeppni grunnskólanna var haldin 6. nóvember og var óvenju fjölbreytt. Keppendurnir voru margir í ár og atriðin ekki af verri endanum. Marianna Pálsdóttir og Jón Valur Einarsson formenn nemendafélaga beggja skólanna sáu um að kynna keppendur og úrslit. Hátónsbarkinn þetta ár var Sigurbjörg Halldórsdóttir en hún söng lagið Eltu mig uppi. Besta atriðið var rapp, þar sem tveir ungir rapparar þeir Þór Birgisson og Arnór Smárason röppuðu lagið N 2 together now.

Pála Björk Kúld las ljóðið „Hvíslandi vindurinn“ sem var valið frumlegasta atriðið.

Síðast en ekki síst var valið besta tónlistaratriðið, Jón Valur Ólafsson og Fylkir Birgisson fluttu lagið Hjá þér. Allir keppendur fengu rós fyrir þáttökuna en verðlaunahafar fengu skopmyndir og Hátónsbarkinn fékk að syngja inn á disk í hljóðveri. Einnig má geta þess að Sigurbjörg Halldórsdóttir (hátónsbarki) tók þátt í söngvakeppni Samfés og stóð hún sig frábærlega þar einnig.



Sigurbjörg Halldórsdóttir

Spurningar um skólann

Hvað heitir þú?

Rut Elvarsdóttir.

Í hvaða bekk ertu?

1. HKA

Finnst þér gaman í skólanum?

Já, mér finnst það gaman.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í skólanum?

Að vera í tónmennt.

En hvað finnst þér leiðinlegast?

Að vera í frímínútum.

Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðin stór?

Ég ætla að verða hárgreiðslukona.

Ertu hrædd við unglिंगana?

Nei.



Hvað heitir þú?

Eydís Sunna.

Í hvaða bekk ertu?

3. SRR

Finnst þér gaman í skólanum?

Já.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í skólanum?

Að læra.

En hvað finnst þér leiðinlegast?

Ég veit það ekki.

Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðin stór?

Ég er ekki viss.

Ertu hrædd við unglिंगana?

Nei.

Hvað heitir þú?

Eydís Frímansdóttir.

Í hvaða bekk ertu?

5. GB.

Finnst þér gaman í skólanum?

Já, mér finnst gaman.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?

Mér finnst skemmtilegast að læra.

En hvað finnst þér leiðinlegast?

Skólasund.

Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðin stór?

Veit það ekki.

Ertu hrædd við unglिंगana?

Nei.



Gunnlaugur Jónsson fyrirliði meistaraflokks ÍA: *Grundaskóli er minn skóli*

Við, Friðmey, Hallbera og Dagrún hlupum út í Íþróttahúsið að Jaðarsbökkum í grenjandi rigningu og roki. Ætlunin var að taka viðtal við Gunnlaug Jónsson eða Gulla Jóns eins og hann er kallaður á Skaganum, fyrirliða meistaraflokks ÍA. Það var notalegt að hrissta rigninguna af sér þegar inn var komið og setjast niður á skrifstofunni hjá Gulla.

Til hamingju með Íslandsmeistararitilinum, Gulli. Nú varst þú valinn bestur á lokahófi KSÍ og ÍA, hvernig var tilfinningin?

Hún var náttúrulega alveg frábær. Sérstaklega á KSÍ lokahófinu vegna þess að leikmenn í öðrum liðum völdu leikmann ársins.

Er liðsandinn góður hjá ykkur strákunum?

Já, hann er búinn að vera alveg frábær í sumar og hefur sérstak-

lega skipt sköpum í sambandi við það að við urðum Íslandsmeistarar.

Hvernig finnst þér ungu fótbolta-mennirnir í liðinu standa sig?

Þeir eru búnir að standa sig alveg rosalega vel. Þeir stóðu sig nánast allir með tölu í sumar auk þess koma fleiri ungir leikmenn upp í meistaraflokk og eru þeir að verða sterkari hlutinn af liðinu.

Nú ert þú einn af elstu og reyndustu leikmönnum liðsins. Stefnir þú að því að halda áfram hér heima eða hefur þú fengið tilboð í atvinnu-mennskunni?

Ég hef ekki fengið nein tilboð í haust en það hafa verið smáfyrispurnir. Ég held bara mínu striki og spila líklegast með Skagamönnum næsta sumar.

Eitthvað að lokum?

Ég er stoltur af því að þið komið frá Grundaskóla, því það er minn skóli.



Ég kom þangað um daginn að gefa bolta og ég verð bara að segja að skólinn er orðinn rosalega flottur. Nú eru nokkrir samnemendur mínir orðnir kennarar þar og það var bara frábært að koma þangað aftur.

Við þökkum honum fyrir viðtalið og héldum aftur út í rigninguna og rokið.

Skoðana- könnun um tölvunotkun

Við í blaðavali ákváðum að leggja fyrir unglíngadeildina skoðanakönnun um tölvunotkun þeirra.

Við spurðum krakkana hvað þeir væru mikið í tölvu á viku; hvað þeir gerðu þá helst, hvort þeir væru með netið og hvort þeir væru með sítengingu.

Niðurstöðurnar voru þær að CS (Counter-Strike) var mest spilaði leikurinn í unglíngadeildinni og væntanlega á öllu Akranesi líka.

Það sem kom okkur mjög mikið á óvart var það hversu margir eru með sítengingu, um það bil



helmingur allra nemenda í unglíngadeildinni er með sítengingu og má það teljast nokkuð gott. Eins og áður sagði spurðum við krakkana í hvað þeir notuðu tölvuna helst og var vinsælasta svarið Netið og spjallrásir. En það sem okkur fannst furðulegt við þessi svör nemenda var það hversu fáir sögð-

ust nota tölvuna í að vinna heima-verkefni!

Samt voru það þó nokkrir sem svöruðu því að þeir notuðu tölvuna í að vinna heimaverkefni.

Við viljum þakka öllum sem tóku þátt í þessari könnun kærlega fyrir þátttökuna.

Ingi Þór og Jón Steinar

Allt var kennt í sömu st

Viðtal við Ingibjörgu Pálmadóttur fyrrverandi heilbrigðis- og tryg

Hvernig er að vera komin í frí frá ráðherrastörfum ?

Það er einstaklega gott að geta eftir margra ára endalausa vinnu, ráðið tímanum sínum sjálfur. Áður var alltaf stíft prógramm alla daga nema aðfangadag og jóladag. Meira að segja gamlársdagur er tekinn undir ríkisráðsfund á Bessa-stöðum.

Hvað er á döfinni hjá þér núna ?

Ég er dálítið eins og Stella í orlofi núna. En ég er með tvö verkefni, framtíðarskipan sjúkrahússanna í Reykjavík og verkefni fyrir Velferðasjóð barna.

Hvað er það sem fékk þig til þess að vera heilbrigðisráðherra?

Ég hafði verið í stjórnmalum í mörg ár, fyrst í bæjarstjórn, síðan á Alþingi. Ég vissi að ef ég tæki að mér heilbrigðisráðuneytið, gæti ég haft gífurleg áhrif á gang mála og til þess er maður í stjórnmalum.

Hvað varstu heilbrigðisráðherra lengi ?

Ég var í sex ár samfelld og náði því að hafa setið lengur í þessum

stóli en nokkur annar Íslendingur. Meðalaldur í þessum stóli var tvö og hálf ár þegar ég byrjaði. Á öðrum Norðurlöndum sitja þeir ennþá skemur, ég kynntist fimm starfandi heilbrigðisráðherrum í Danmörku þann tíma sem ég sat sem ráðherra.

Hvernig var skólalald þegar þú varst í skóla ?

Ef þú spyrð um almennt skólalald þá var ég í litlum sveitaskóla í Hvolshreppi. Þar mætti maður í skóla annan hvern dag og þar var laugardagur innifalinn. Bekkirnir voru aðeins tveir, yngri og eldri deild.

Allt var kennt í sömu stofu, leikfimi, handavinna og bóklegar greinar. Mér finnst ég vera 100 ára þegar ég segi frá þessu. Þrettán ára fór ég í Gagnfræðaskólann á Skógum undir Eyjafjöllum. Þar var ég þar til ég lauk námi þremur árum síðar. Þar var heimavist, farið var heim einu sinni fyrir jól og einu sinni eftir jól. Það má segja að ég hafi farið alfarið að heiman 13 ára gömul, því ég rétt kom heim til að

fermast og fór svo beint í fiskverkun til Vestmannaeyja. Þaðan fór ég í sláturhúsvinnu og síðan í skóla aftur.

Þegar ég hafði aldur til, var orðin 18 ára fór ég í hjúkrunarnám. Þar var ég á heimavist í þrjú ár. Skólinn var jafnt sumar og vetur og voru þessi þrjú ár vel notuð til verklegrar og bóklegrar kennslu til skiptis.

Á heimavistinni giltu mjög strangar reglur. Karlmenntu ekki koma inn á vist nema í tvær klukkustundir einu sinni í mánuði. Það var fyrsta miðvikudag í mánuði, milli klukkan 14 og 16. Ef strákarnir fóru ekki út á mínútni klukkan 16, voru þeir kallaðir upp í hátalarakerfi skólans eða sóttir.

Ertu komin á eftirlaun ?

Eruð þið frá ykkur, ég er rétt rúmlega fimmtug. Ég er að vinna þessi tvö verkefni sem ég nefndi fyrir, svo er ég að reyna að bæta fjölskyldu minni upp áralanga fjarveru.

Eftirtaldir viðskiptaaðilar skólans styrktu útgáfu blaðsins



Blikkverk sf.

PK Iagnir

Jónatan Pálsson

málarameistari



Tölvuþjónustan
Akranesi



Hvers vegna hættirðu sem heilbrigðisráðherra?

Mér fannst rétt að hleypa öðrum að þar sem ég var ákveðin í að bjóða mig ekki fram í næstu kostningum. Ég vildi hætta á meðan ég væri ekki eldri en svo að ég gæti tekið að mér ný verkefni og í þeim efnum er ég opin fyrir ýmsum möguleikum.

Er mikill léttir fyrir þig að vera hætt?

Þetta er eins og að kasta af sér þungum bakpoka sem maður hefur borið lengi. Mér finnst vænt um þokann og ég veit að sá sem við honum tekur mun bera hann af sömu tilfinningu.

Hvernig fannst þér að vera heilbrigðisráðherra?

Ég hef starfað að heilbrigðismálum á einn eða annan hátt síðan ég var 18 ára. Ég hafði gífurlegan áhuga á starfinu. Ég bar mikla ábyrgð sem ráðherra því heilbrigðisþjónustan kemur öllu við, frá vöggu til grafar. Í starfinu felst að hafa yfirumsjón með næstum helmingi fjárlaga íslensku þjóðarinnar.

Heilbrigðismál eru langfjarfrekasti málaflokkurinn. Þau spanna alla spítala, alla heilsgæslu, hjúkrunarheimili, dvalarheimili, tannlækningar, forvarnir, almannatryggingamál, nefndu



bara hvar heilbrigðisþjónustan kemur ekki við sögu. Þetta er gríðarlega vandasamt verk og það er létt verk að gagnrýna hvern þann sem þessu embætti gegnir, því það er aldrei hægt að fullnægja öllum þeim þörfum sem eru innbyggðar í væntingar fólks til heilbrigðisþjónustu. Þar má nefna væntingar sem starfsfólk heilbrigðisstofnana hefur til aðstöðu og launa.

Sá sem í stóli heilbrigðisráðherra situr þarf að gera sér grein fyrir þessu. Ef hann gerir það ekki brennur hann út á fáum mánuð-

um. Ef ráðherra hefur mikinn metnað fyrir málaflokknum og vilja til þess að leggja sig fram er hægt að gera gagnlega hluti fyrir þjóðina. Mig skorti aldrei áhuga og metnað til að takast á við þetta. Ég hafði auk þess lengri tíma en forverar mínir og gat því tosað mörgu til betri vegar. Fyrir þennan tíma er ég þakklát bæði Guði og mönnum, horfi með þakklæti yfir farinn veg og tilhlökkun til þess ókomna. En þar erum við öll jöfn, vitum lítið hvað framtíðin ber í skauti sér.

Heiða Rós og Heiðrún

Lága verðið

léttir lífið

VERSLUNIN EINAR ÓLAFSSON

Skagabraut 9-11 - Sími 431 2015 og 431 1015

Geitungar

Það var síðsumars að maður nokkur spurði nágrannakonunni sína að því hvort hún ræktaði geitunga. En það sagðist hún ekki gera.

Þá hafði barnabarn nágrannans séð stórt geitungabú í bakgarði konunnar sem er við nokkuð fjölfarinn göngustíg. Nú hófst leit að geitungabúinu. Það fannst fljótt, enda frekar stórt og listilega gert og féll vel að umhverfinu. Íbúar búsins flugu út og inn og héldu áfram sínu erilsama lífi þótt þeir hefðu fengið urmul áhorfenda. Því fljótt flaug fiskisagan og börn og fullorðnir höfðu mikla ánægju af að berja búíð og geitungana augum.

Þeir sem búa í húsinu höfðu áhyggur. Brátt fengu geitungarnir pata af þessari athygli og gerðu sínar ráðstafanir. En ein af áhrifamestu aðgerðum geitunga er að stinga óboðna gesti með broddi sínum, en í broddinum er eitur sem veldur bólgu og sviða. Einnig hafa sumir ofnæmi fyrir eitrunu og fá hættuleg ofnæmiseinkenni.

Nú voru góð ráð dýr. Hvað var til ráða? Fyrsta hugsun var að biða eftir að geitungarnir færu að sofa og setja búíð í poka, loka honum og frysta búíð. En það þorði fjöl-

skyldan ekki að gera því ef illa færi vöknudu geitungarnir og þá vildi enginn lenda í þeim. Þá var tekin ákvörðun um að fá meindýraeyði til að svæfa geitungana. Hann gat ekki komið samdægurs heldur kvöldið eftir.

Nú fengu geitungarnir einn sólarhring í viðbót við líf sitt og notuðu hann. Og enn komu áhorfendur í löngum röðum. Geitungarnir voru hinir rólegustu og létu gestina í friði. Kvöldið eftir um miðnætti mætti meindýraeyðirinn með vasaljós og sprautu að vopni, hann notaði vasaljósið til að sjá vel við verkið en sprautuna til að sprauta svefnlyfi inn í búíð. Hann sprautaði í búíð á tveimur stöðum. Nú var greinin sem búíð hékk á söguð frá og búíð sett í plastpoka.

Daginn eftir þegar pokinn var opnaður flugu burt nokkrar flugur frelsinu fagnar. Meindýraeyðirinn var nú tekinn á beinið, en hann sagði að alltaf væru geitungar í ystu lögum búsins og mest af svefnlyfinu sprautaðist í miðjuna, þar sem væru flestir geitungarnir. Eina ráðið væri að frysta búíð og var það gert. Þegar búíð var að geyma búíð í frysti í sólarhring voru allir steindauðir - greyin.

Áður en búinu var eytt kom



myndatökumaður og tók líf geitunganna á myndband sem er til í skólanum. Búíð fékk að hanga uppi í skólanum í nokkrar vikur og var mikið skoðað og nemendur gátu lesið fróðleik sem sóttur var á netið. Nú fór að bera á óskum um að opna búíð og sjá inn í það. Það var gert með stórum hníf, fyrst var skorið í gegnum nokkur lög af „pappír“. Þá komu í ljós nokkrar plötur misstórar allar settar götum. Ýmist tómum eða með flugum á ýmsum þroskastigum og fullt af flugum. Margir kvörtuðu yfir vondri lykt af flugunum og það var alveg rétt það var svolítil „flugulykt“ af hundrað og eitthvað dauðum flugum! Búíð var nú skoðað nokkrar vikur í viðbót. Nú flugu þær sagnir að einhverjir hefðu séð geitunga rísa upp frá dauðum og flöggra yfir búinu. En þegar betur var að gáð voru þetta trúlega húsflugur sem áttu leið hjá.

Það má segja að nemendur hafi á nokkrum vikum lært heilmikið um geitunga án þess að vera meðvitaðir um að þeir væru að læra.

Katrín Leifsdóttir

Vinur minn

*Komdu hingað vinur minn,
ég ætla að leika við þig.
Lof mér að skoða bangsann þinn,
þá ertu góður við mig.*

Ingibjörg Hulld 5. GB



Innihald geitungabúsins rannsakað mjög ítarlega, jafnvel smakkað!

slappaðu af með hp

heima eða í vinnunni með hp geta starfsmenn átt möguleika á að taka þátt í nýju rekstrarumhverfi og að læra betur á tölvur, sem spila stórt hlutverk í starfi starfsmanna



hp e-pc

- 1,7GHz P4 örgjörvi
- 20GB diskur, 256MB minni
- 10/100 netkort, geisladrif
- Windows XP pro, 3. ára ábyrgð
- 15" TFT margmiðlunarskjár

189.900

5.762 á mán. í 36 mán.*
*með HP Finans rekstrarleigu



hp vectra vl420 mt

- 2GHz P4 örgjörvi (512kb cache)
- 40GB diskur, 256MB minni (st. í 3GB)
- 32MB nVidia skjákort með sjónvarpstengi
- DVD drif og geislaskrifari, 10/100 netkort
- Windows XP pro, 3. ára ábyrgð
- 17" skjár (ekki sami skjár og á mynd)

209.900

6.368 á mán. í 36 mán.*
*með HP Finans rekstrarleigu



hp omnibook xe3

- 1,06GHz PIII Mobile örgjörvi
- 30GB diskur, 256MB minni, 15" skjár
- DVD drif og geislaskrifari, Firewire tengi
- 10/100 netkort, sjónvarpstengi (TVout)
- Windows XP home, 2. ára ábyrgð

259.900

7.885 á mán. í 36 mán.*
*með HP Finans rekstrarleigu



hp omnibook vt6200

- 1,5GHz P4 Mobile örgjörvi
- 40GB diskur, 256MB minni, 14" skjár
- DVD drif og geislaskrifari,
- 10/100 netkort,
- Windows XP pro,
- 3. ára ábyrgð

299.900

9.099 á mán. í 36 mán.*
*með HP Finans rekstrarleigu



hp photosmart 812

- 4,13 Megapixel upplausn
- 3x optical zoom - 7x digital zoom
- 16 MB secure digital minniskubbur
- 3,8 cm LCD skjár
- Video upptaka: 60 sekúndur
- 2. ára ábyrgð

79.900

2.480 á mán. í 36 mán.*
*með HP Finans rekstrarleigu



hp photosmart 100

- Ljósmyndaprentari fyrir stafrænar myndavélar
- CompactFlash, SmartMedia og MemoryStick tengiraufar, einnig með USB tengi
- PhotoRet III ljósmyndatækni
- Prentar á 10x15cm ljósmyndapappír
- 2. ára ábyrgð

16.900

525 á mán. í 36 mán.*
*með HP Finans rekstrarleigu



TÖLVUÞJÓNUSTAN Á AKRANESI

Vesturgötu 48 - 300 Akranes
Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001
Netfang: tolva@tolva.is

„Þurftum að banka þrjú högg ef við komum of seint í kenns

Viðtal við Ingibjörgu Þorkelsdóttur hússtjórnark

Í sól og blíðu röltum við, nánast ofan úr sveit niður á neðri Skaga til að hitta Ingibjörgu Þorkelsdóttur. Hún tók á móti okkur hress í bragði og bauð okkur inn í stofu. Þar beið okkar gómsæt eplakaka og aðrar góðgjörðir.

Hver er Ingibjörg Þorkelsdóttir?

„Ég er fædd 18. mars 1937, að Bakkatúni 20. Þar bjó ég til ársins 1981 er ég flutti á Grundartún 6, sem ég byggði á árunum 1977-1981. Foreldrar mínir voru Guðrún Einarsdóttir frá Bakka á Akranesi og Þorkell Halldórsson frá Þyrli á Hvalfjarðarströnd. Hann

var skipstjóri og útgerðarmaður hér á Akranesi. Við erum þrjár systurnar og er ég í miðjunni.

Það var gott að alast upp á Akranesi og við krakkarnir lékum okkur m.a. í fjörunni og í skotgröfum sem voru hérna eftir stríðsárin. Á stríðsárunum var landið hersemið og við krakkarnir fengum nammi og tyggjó hjá hermönnunum. Við skildum auðvitað ekkert í alvörunni sem fylgdi herseinni, þetta var bara gaman í okkar huga.

Ég gekk í Barnaskólann á Akranesi, síðan í Gagnfræðaskólann. Það sniðuga var að ég var alltaf í sama húsinu. Það eina sem gerðist

var að skólinn skipti um nafn. Húsið sem kennt var við Iðnskólann hét fyrst Barnaskóli Akraness en breyttist í Gagnfræðaskóla þegar ég átti að fara í Gagnfræðaskóla. Vorið 1954 varð ég gagnfræðingur.

Af hverju valdir þú að gerast matreiðslukennari?

„Ég hef alltaf haft gaman af því að elda. Þegar mamma og pabbi skruppu til Reykjavíkur þegar ég var svona 10 til 11 ára, fékk ég alltaf að elda. Að vísu kvörtuðu systur mínar undan kekkjum í sósunni en ég lét það ekkert trufla mig.

Óskum nemendum
og starfsfólki
Grundaskóla
gleðilegs sumars!



Bókabúð Andrésar

Sími 431 1855 • Kirkjubraut 54 • Akranesi

á hurðina slustund“

kennara

Til að komast í Hússtjórnar-kennaraskólann þurfti ég að vera einn vetur í húsmæðraskóla og fór ég í Húsmæðraskóla Reykjavíkur. Hússtjórnar-kennaranámið hóf ég 1958 en það tók tvo vetur og eitt sumar alveg samfellt. Stofnandi skólans var Helga Sigurðardóttir og var ég í síðasta hópnunum sem hún útskrifaði. Skólinn var mjög strangur og þurftum við að hlíta mörgum skólareglum. Ef við t.d. komum of seint í tíma urðum við að banka þrjú högg á hurðina í viðkomandi kennslustofu, opna hana og biðjast afsökunar um leið og við hneigðum okkur, svo þurftum við að bíða þar til kennarinn bauð okkur að fá sæti. Yfir sumarið fór kennslan fram á Laugavatni þar vorum við m.a. í garðrækt. Fyrsta daginn sem við fórum út í garð mættum við allar með gúmmihanska. Okkur var hið snarasta skipað úr hönskunum því við áttum að hafa tilfinningu fyrir moldinni. Þetta var skemmtilegur tími og árið 1960 útskrifaðist ég úr skólanum.

Hefur þú kennt í kvennaskóla?

Kennaraferil minn hóf ég á Ísafirði og kenndi við Hússtjórnarskólann þar í sex mánuði. Það var svolítið skrítið fyrir mig 23 ára gamla að kenna stelpum sem voru á aldrinum 18 til 22ja ára eða bara ári yngri en ég. Kennslan gekk vel en það sem var erfiðara var að ég þurfti að standa vaktir þegar stelpurnar fengu útivistarleyfi og fóru á höll. Böllum lauk klukkan tvö og þurftu þær að vera komnar heim í síðasta lagi korter yfir tvö. Ef þær skiluðu sér ekki á réttum tíma lentu þær í straffi og fengu ekki útivistarleyfi í einhvernum tíma. Einhverju sinni lék grunur á að ein stelpa hefði stolist út að kvöldlagi, en þær máttu bara vera úti til klukkan níu tvö til þrjú kvöld í viku. Til að athuga hvort þetta væri rétt þ.e.a.s. að einhver



þeirra væri að stelast út var hveiti stráð á gólfið!

Eftir dvölinna á Ísafirði fór ég á Hallormsstaðaskóla þar var ég í þrjú mánuði. Því næst kenndi ég á Laugalandi í Eyjafirði í tvo vetur.

Hvenær byrjaðir þú að kenna á Akranesi?

Þegar ég hætti á Laugalandi ætlaði ég til Reykjavíkur og kom hingað í heimsókn. Þá var að byrja kennsla í matreiðslu eins og það hét í þá daga í Gagnfræðaskólanum og ég var beðin um að sækja um stöðuna.

Þetta var árið 1963 og þannig er ég fyrsti matreiðslukennarinn á Akranesi.

Það voru viðbrigði að fara að kenna unglungum eftir að hafa í þrjú ár kennt ungum konum. Sérstaklega eru mér minnstæðir sjö strákar sem voru saman í hóp og voru til alls líklegir. Þeir reyndu líka svolítið á og enn í dag er einn þeirra sérlega notalegur við mig - telur sig hafa slæma samvisku gagnvart mér.

Það fengu ekki allir í Gagnfræðaskólanum kennslu í matreiðslu allan veturinn, eingöngu þeir sem fóru í verknám. Þeir sem



Ingibjörg er enn full af starfsorku þó hún hafi kennt í rúm 40 ár.

fóru í landspróf fengu bara námskeið.

Ólafur Haukur Árnason var skólustjóri á þessum tíma og var

mikill agi hjá honum. Húsvörðurinn hafði t.d. bók þar sem hann teiknaði niður hvar öll borðin voru í stofunni og skráði nöfn nemenda

við þau. Þannig að ef einhver var að krotta á borðið var auðvelt að rekja það. Það var gott að vinna undir stjórn Ólafs en vafalaust erfiðara að vera nemandi hjá honum.

Þegar barnaskólar breyttust í grunnskóla haustið 1976 hafði ég aðstöðu uppi í Fjölbrotaskóla þar sem nú er bókasafnið. Þar kenndi ég krökkunum og eftir að Grundaskóli byrjaði fékk ég aðstöðu þar og kenndi bæði krökkum úr Grundaskóla og úr Brekkubæjar-skóla. Ég hafði tvo eldhúskubba staðsetta uppi á miðsvæði mitt í allri hringiðunni. En ég kenndi bara yngstu nemendum. Aðstaðan leyfði ekki meira. Ef ég hefði farið að kenna unglingunum við þessar aðstæður held ég að það hefði seinkað að skólaeldhúsið væri tekið í notkun.

Einnig kenndi ég matreiðslu um tíma í núverandi tónlistarstofu. Skólaeldhúsið var tekið í notkun 11. mars 1985 og þar hef ég síðan kennt matreiðslu eða heimilisfræði eins og hún heitir í dag. Að vísu tók ég árs frí og fór til Noregs í framhaldsnám. Ég var tvær annir í Noregi og tók matvæla- og næringarefnafræði á fyrri önninni en á þeirri seinni sérkennslu í matreiðslu fyrir framhaldsskóla.

Ég er búin að kenna svo lengi að ég er byrjuð að kenna þriðju kynslóðinni og ég hef kennt mörgum kennurum sem hafa starfað eða starfa við Grundaskóla. Til gamans má geta þess að eitt sinn kom Gutti til mín og bað mig um að „skrifa uppá“ að hann hefði bakað hjá mér snúða. Það var auðfengið en hann þurfti að sýna skátunum plaggid.

Manstu eftir einhverju sköndu atviki úr kennslunni?

Það gerist auðvitað eitt og annað en ég man ekki eftir neinu sérstöku. Það getur verið gaman að gefa krökkunum auga þegar þau halda að ég sé ekki að fylgjast með þeim. Stundum flýgur deigið upp í loft og festist þar, - þau eru auðvitað að athuga hvort deigið sé mátulega hnoðað! En sem betur fer hefur enginn slasast í tíma hjá mér, ja fyrir utan sjálfa mig. Ég rann til á gólfinu, datt og hand-



NO NAME
COSMETICS
Förðunarvörur

ARBONNE
Jurtasnyrtivörur

*Glæsilegir skartgripir.
Falleg undirföt
og náttfatnaður.*

Önk

Litla Brúin
VESTURGÖTU 147 • AKRANESI
SÍMI 431 1753 & 861 1599



Oft þarf bara einn hlut til að gera lífið auðveldara

Námsmannþjónusta

Þjónusta Landsbankans gerir líf þitt auðveldara. Við vitum að þeir sem eru í námi þurfa að geta gefið sér tíma, bæði til að læra og njóta lífsins.

Þess vegna aðstoðum við námsfólk við að skapa sér það svigrúm sem þarf til að geta notið námsráanna til fulls án þess að hafa sífelldar áhyggjur af fjármálum.

Og þannig verður lífið auðveldara.

Landsbankinn

leggsbraut mig. Þetta var auðvitað vinnuslys.

Hafa orðið einhverjar breytingar í kennslumálum í gegnum tíðina?

„Já, ég held að það sé óhætt að segja það. Ef þú hefðir verið nemandi hjá mér árið 1963 þá hefðir þú þurft að vera í pilsí eða kjól með kapp og svuntu. Stelpurnar höfðu aðstöðu til að skipta um fót fyrir matreiðslu á ganginum fyrir framan eldhúsið í sérstöku herbergi. Á þessum tíma var ekki mikil buxnatíska en buxurnar voru í sókn. Það þurfti samþykki kennarafundar til að leyfa stelpum að mæta á höll í síðbuxum. Það er ekki vist að ykkur hefði líkað þetta fyrirkomulag. Já, ég þurfti alltaf að vera í hvítum kjól og með kapp. Þar með var ég eini kennarinn sem var í einkennisbúningi.

Einnig hafa áherslur í matargerð breyst mjög mikið. Þegar ég byrjaði að kenna var ég t.d. með hrásalat sem var nýnæmi, því fram að því voru kartöflurnar alls ráðandi og grænu baunirnar líka. Í dag reynum við að forðast að nota mikla fitu og sykur í matargerð því fólk vinnur ekki mikla líkamlega erfiðisvinnu og áður fyrir. Þess vegna þurfum við að minnka fitumagn og sykurinn í matargerðinni. Einnig var alltaf elduð tvíréttuð máltíð og þurfti að hafa í huga hvort um kjötrétt eða fiskrétt var um að ræða. Því ef kjöt var eldað varð að hafa grænmetissúpu eða ábætisrétt en mjólkursúpu eða graut ef það var fiskur. Þarna var verið að huga að samsetningunni og að meltingarfærin gætu unnið á sem bestan máta úr fæðunni og

fengið öll vítamínin. Sætar kökur voru algengari þá en í dag leggjum við meiri áherslu á brauðmeti allskonar.

Hefur þig aldrei langað að vinna við annað en kennslu?

Jú, einu sinni ætlaði ég og vin kona mín til Sviss og læra hóteltjórnum. En það varð ekkert úr því. Hins vegar vann ég um tíma sem ráðskona í Munaðarnesi og einnig vann ég í veiðihúsi tíu sumur. Mér líkaði vinnan mjög vel.

Hver eru áhugamál þín önnur en kennslan?

Ja, þar kemur þú mér í bobba. Mér finnst gaman að ferðast og hef ferðast töluvert bæði hér heima og erlendis. Þá á útivistin vel við mig og sund er einnig skemmtilegt. Það er líka notalegt að dunda í garðinum. Annars þarf ég að fara að huga betur að þeim

þar sem starfsævi mín styttist óðum. Þú getur kannski bent mér á eitthvað áhugavert?! Það er aldrei að vita hvað mér dettur í hug. Ég veit um eina átræða sem stundar fótbolta þannig að mér eru allir vegir færir.

Hvað á að gera í sumar?

„Ég er nú ekki búin að ákveða það enn. Ætli mér leggist ekki eitthvað til.

Langar þig til að segja eitthvað að lokum?

Það er gott að vera í Grunda-skóla, góðir skólastjórar, góður starfsandi og skemmtilegir nemandur og vona ég að það fylgi skólanum áfram.

Útskriftarnemendum þakka ég fyrir góð kynni og óska þeim vel farnaðar.

Hallbera, Heiða og Heiðrún



SKAGABRAUT 6 • 300 AKRANES
SÍMI 431 1902 & 431 2156 • GSM 892 8523
NETFANG rafsigurdors@islandia.is

Raftækjaverslun

Öll helstu merkin í heimilistækjum



**SIMENS
BLACK & DECKER**

GRAM

CANDY

CREDA

UFESA

EDESA

PFIAFF

DE-LONGI

MILE

KITCHENAID

NILFISK

TEVLON

KENWOOD



Rafmagnsverkstæði

Nýlagnir • Viðhald • Viðgerðir

Tölvu-, síma- og loftnetslagnir

Loftræstikerfi og stýringar

Raflagnahönnun • Heimilistækjaviðgerðir

Tómstundirnar kalla

*Hoppa glaðbeitt út í sumarið
því skóla nú lokið er.*

*Hundleið á öllum krökkunum
og kennurunum með.*

*Tómstundirnar kalla
og ég verð að sinna þeim.*

*Ég veit ekki hvort eða hvenær
ég kem skólann aftur í.*

Lára

(Sungið við lagið „Óbyggðirnar kalla“)

Viðtal við Erp Eyvindarson

Blaðam: Hversu gamall ertu?

Erpur: Ja, hvað heldur þú?

Blaðam: Svona 25 ára.

Erpur: Ég er 27 ára. Menn halda alltaf að ég sé yngri út af Johnny.

Blaðam: Hvar býrðu?

Erpur: Reykjavík 101

Blaðam: Áttu kærustu?

Erpur: Nei, aldrei. Átt þú kærustu?

Blaðam: Já

Erpur: Eru það gaurarnir sem eru með þér þarna? Ég nenni ekki að eiga kærustu.

Blaðam: Hvort viltu heldur vera kallaður Blazroca eða Johnny Nas?

Erpur: Ég er kallaður Blazroca af því að það er sviðsnafnið mitt og ég heiti það alltaf með Rottweiler. Johnny er meira grín svona eins og Laddi er kallaður Lún. Johnny er bara sjónvarpsnafnið mitt, ég heiti eiginlega ekkert Johnny fyrir utan sjónvarpið. Ég meina Blazroca frekar.

Blaðam: Ertu ánægður með nýja Rottweiler diskinn?



frá fjórum upp í tíu.

Blaðam: Hvar kaupirðu fötin þín?

Erpur: Smash eða eitthvað sem selur Puma og líka bara hér og þar.

Blaðam: Hafir þið komið upp á Akranes?

Erpur: Já við komum þangað í fyrra til að spila, svo var líka talað

um að spila þar aftur.

Blaðam: Hvað finnst þér um Akranes?

Erpur: Það er eins og þú veist skítahola. Nei, nei skítahola, er þetta ekki bara ágætis staður?

Jújú, þetta er finn staður.

Blaðam: Hver eru helstu áhugamálin þín?

Erpur: Ætli það sé ekki fjölmiðlun, listsköpun, tónlist og myndlist. Ég er útskrifaður úr myndlist í Fjölbraut í Garðabæ. Bara hitt og þetta, líka að ferðast.

Blaðam: Eitthvað að lokum?

Erpur: Já aðalslagorð plötunnar okkar er „Kauptu plötuna eða vertu drepinn“.

**Ingi Þór Árnason og
Jón Steinar Guðlaugsson**



Erpur: Nýi Rottweiler diskurinn er geðveikur og Sönn íslensk saka-mál eru að slá í gegn. Við gerðum myndband sem var síðan bannað og það er geðveikt líka, þetta myndband er bara stök snilld. Annað eins myndband hefur ekki sést.

Blaðam: Hvað eruð þið margir í Rottweiler?

Erpur: Það er náttúrliga spurning sko, fjöldinn í Rottweiler rokkar



Frá foreldrafélagi Grundaskóla

Foreldrafélag Grundaskóla skólaárið 2001-2002 er þannig skipað:

*Daníel Rúnar Eliasson, formaður
Ásdís Kristmundsdóttir,
varaformaður*

*Bryndis Rósa Jónsdóttir, ritari,
Hjörtur Hröðmarsson, gjaldkeri,
Lilja Kristófersdóttir, foreldrarölt*

Úr stjórninni gengu Katrín Leifsdóttir og Rut Hinriksdóttir og þökkum við þeim fyrir gott starf fyrir foreldrafélagið og skólann.

Starfsemi foreldrafélagsins hefur verið með hefðbundnum hætti þetta skólaárið. Haldnir hafa verið 3 fyrirlestar. Fyrsti var í samstarfi með Brekkubæjarskóla og var hann haldinn á sal Fjölbautaskólans, fyrirlesari var sr. Þórhallur Heimisson og fjallaði hann um „Veldi hálfmáns - múhameðstrú í sögu og samtíð“ og var þar varpað ljósi á stöðu Íslam í dag. Ágætis mæting var á fyrirlesturinn (þó alltaf megi vera fleiri) og var ekki annað að heyra en þeir væru ánægðir sem fyrirlesturinn sóttu.

Síðan var fyrirlestur á sal Grundaskóla með Aldísi Yngvadóttur um lífsleikni, en hætta varð við hann vegna lélegrar mætingar, en hann var á fremur óheppilegum tíma í miðjum landsleik hjá handknattleikslandsliðinu okkar.

Einnig var foreldrum 8. - 10. bekkjar boðið að hlusta á sýslumann okkar Skagamanna, Ólaf Þór Hauksson og lögregluþjóninn Jónas Ottósson um vimmefni á Akranesi. Voru bæði sýnd verkfæri og efni sem í gangi eru á eitrufljámárkaðnum í dag og rætt hvernig ástand þessara mála er á Akranesi. En Akranes hefur á síðustu árum ekki komið vel út úr könnunum sem gerðar eru meðal

10. bekkinga. Þetta vandamál er mikið undir yfirborðinu og ekki sýnilegt flestum bæjarbúum en það þarf ekki að þýða að það sé ekki til staðar. Samkvæmt heimildum Ólafs og Jónasar hefur neysla aukist hægt og sigandi hér á Skaga og neysla sem áður fór fram í heimahúsum hefur færst yfir á rúntinn í bænum, þannig að foreldrar þurfa að vera vakandi yfir því.

Nú í lok vetrar var haldið námskeið í samstarfi með bæjaryfirvöldum, foreldrafélagi Brekkubæjarskóla og Foreldrahúsinu um „Öflugt sjálftraust“ fyrir foreldra. Þátttaka var mjög góð og komust færri að en vildu, því hámarksfjöldi á námskeiðið var 40 manns. Um var að ræða 2 kvöld, 3 klukkutíma í senn og fékk fólk möppu og námskeiðið á mynddisk í lokin. Stendur til að vera með annað slíkt námskeið næsta haust (ef næg þátttaka verður).

Foreldraröltið hefur gengið vel í vetur og ber að þakka foreldrum Grundaskóla fyrir góða mætingu í röltið. En á fundinum með þeim Ólafi og Jónasi voru þeir á einu máli um að foreldraröltið væri mikilvægur þáttur í þeim forvörn-um sem þurfa að vera til staðar í hverju bæjarfélagi. Ákveðið hefur verið á fundi í unglingadeildunum að vera með foreldrarölt í sumar, þannig að þeir sem ekki hafa skráð sig en vilja rölta í sumar geta látið okkur í stjórninni vita, á netfangið: daniel@hakot.is.

Mikil umræða hefur farið um einsetningu Grundaskóla sem verður næsta haust og virðist allt vera á áætlun hvað hana varðar. Matarmál eru einn þáttur hvað varðar einsetninguna og þá helst

hvort eigi að vera heitur eða kaldur matur. Brekkubæjarskóli byrjaði með kaldan mat (jógúrt, samlokur, o.fl.) en við í foreldrafélaginu höfum lagt ríka áherslu á það að fá heitan mat í Grundaskóla. Bæði teljum við það bjóða upp á fjölbreyttara, næringarríkrara og orkugefandi fæði en kalda matinn.

Núna í maí var haldinn vinnufundur með foreldrafulltrúum þar sem fulltrúarnir skilufu af sér möppum og skýrslu til stjórnar um þá starfsemi sem fram fór í hverjum bekk. Einnig var Sigurður Arnar með útlíun á þeirri breytingu sem verður á næsta skólaári á vali í unglingadeildinni og hugmyndum að skemmti/námskeiðakvöldum í samstarfi við nemendur og foreldra.

Foreldrafélag Grundaskóla vill þakka starfsfólki skólans, nemendum og foreldrum fyrir samstarfið í vetur og óskar öllum gleðilegs sumars og hlakkar til að starfa með ykkur á komandi skólaári í einsetnum Grundaskóla.

**Daníel Rúnar Eliasson,
formaður foreldrafélags
Grundaskóla**

Tóm vitleysa

*Hvað á ég að skrifa á blað?
Hausinn minn er tómur.
Er þetta rugl, eða hvað?
Það er þungur dómur.*

Rósa

Skoðanakönnun

Bláaútgáfuhópurinn gerði skoðanakönnun í léttum dúr meðal nemenda unglíngadeildarinnar. Niðurstöður hennar tókum við mátulega alvarlega en höfum gaman af.



Íþróttagarpur skólans

Fyrir valinu varð hinn spræki Örlaugur Magnússon. Arnór Smárason fylgdi fast á eftir Ölla og Heimir Einarsson kom sterkur inn í þriðja sætið.



Brein skólans

Margir komu til greina en fyrir valinu varð að sjálfsgöðu hinn alvitri Steindór Tryggvason. Í öðru sæti var Þóra Þórisdóttir og Elín Björnsdóttir í því þriðja.

Flottasti businn

Fyrir valinu var engin önnur en Unnur Ósk Magnúsdóttir. Í öðru sæti lentu þeir Arnór Smárason og Björn



Karlsson. Í því þriðja var Maren Elíasdóttir.



Best klæddi strákurinn

Nú er það spurningin um smekk hvers og eins en niðurstaðan varð þessi. Sá sem ber fallegustu fötin í drengja flokki er enginn annar en hann Steinar Helgason. Stefán Jónsson, Darri Röðulsson og Fylkir Birgisson komu ekki langt á eftir honum og Jón Ákason lenti í þriðja sæti.

Best klædda stelpa

Stelpa sem á flottustu fötin í unglíngadeild Grundaskóla er Þorgerður Sveinsdóttir. Unnur Ósk Magnúsdóttir og Margrét Elva Ólafsdóttir komu svo á eftir henni í öðru sæti, Friða Ásgeirs-



dóttir og Dagrún Davíðsdóttir fylgdu svo fast á eftir þeim.



Hæfileikaríkasta týpan

Þessi spurning virtist vera nokkuð einföld. Fyrir valinu varð að sjálfsgöðu hún Sigurbjörg Halldórsdóttir hátónsbarki grunnskólanna á Akranesi. Í öðru sæti lenti Arnór Smárason og Heimir Einarsson vermdi það þriðja.

„Fullkonnasta stelpa“

Sumt fólk getur haft allt á hreinu og allt á sínum stað. Fullkonnustu stelpur skólans að mati nemenda voru eftirtaldar: Þóra Hlín Þórisdóttir og Maren Lind Másdóttir sem lentu í fyrsta sæti



og í öðru sæti fylgdu fast á eftir þær Þorgerður Sveinsdóttir og Dagrún Davíðsdóttir og síðan Heiður Sif Heiðarsdóttir sem lenti í þriðja.



„Fullkonnasti strákurinn“

Í fyrsta sæti varð Steinar Helgason og á eftir honum kom Kristinn Darri Röðulsson.



Flippaðasta týpan

Að þessu sinni sigraði Jón Ingi Þrastarson í

þeirri „grein“ að vera flippaðastur. Síðan fylgdu í kjölfarið þau Hallbera Gísladóttir og Kristinn Hjartarson.



Dúlla skólans

Gott þykir að vera kosin dúlla skólans og að þessu sinni varð fyrir valinu Aron Danielsson, Hrannar Hallgrímsson

lenti í öðru sæti og Svavar Guðgeirsson í þriðja.



Glæsilegasti strákurinn

Glæsilegasti strákurinn að mati nemenda er Darri Röðulsson. Næst glæsilegasti strákurinn er Fylkir Birgisson og þriðji er Örlaugur Magnússon.



Glæsilegasta stelpan

Glæsilegasta stelpan að mati nemenda er Dagrún Davíðsdóttir, Margrét Elva Ólafsdóttir varð í öðru sæti og Unnur Ósk Magnúsdóttir í þriðja.

Skemmtilegasti kennarinn

Hver haldið þið að



hafi orðið fyrir valinu? Eins og undanfarin ár var að sjálfsgöðu Sigurður Arnar valinn skemmtilegasti kennarinn í unglingsdeildinni.

En í öðru sæti var Sigurður nokkur Tómasson forfallakennari, betur þekktur sem Siggí Tomm og þriðja sætið fékk Gunnar Sturla.

Félagslíf unglingsdeildar

Jólaballið 2001 var haldið með pomp og prakt 18. desember á sal Brekkubæjarskóla. Fyrst steig á stókk stórhljómsveitin Hazrat. Hljómsveitina skipa þeir Ingi Þór, Agnar, Máni, Bjarki Jens og Hörður. Einnig spilaði önnur hljómsveit nokkur lög en í henni eru Fylkir, Jón Valur, Heiðar og Vésteinn.

Kennaraatriðið þetta árið var í höndum kvenkennara beggja skólanna, en þeir komu lítt klæddir upp á svið og dönsuðu við lagið „Hey baby“ með Plötusnúðnum Özzi. Síðan kom óvæntur gestur að nafni Auðunn Blöndal sem vinnur á sjónvarpsstöðinni Popp-tívi, en hann gjörsamlega tryllti lýðinn með Michael Jackson sporum og nokkrum vel völdum bröndurum.

Plötusnúðurinn Páll Óskar setti svo punktinn yfir i-íð en hann þeytti skífur fram eftir kvöldi.

Fótboltamót innanhúss fyrir 8.-10. bekk var haldið við mikinn fögnuð allra. Úrvalslíð nemanda en það samanstóð af einum nem-

anda úr hverjum bekk, keppti við hið gamla og lúna en frábæra kennaralið Grundaskóla. Kennaraliðið þurfti að leggja sig allt fram til að ljúka leikjunum og sökum reynslu gamlingjanna rétt marði það sigur. 10.-BJ fagnaði stórsigri þennan dag þegar bæði strákar og stelpur unnu fyrsta sætið.

Árshátíðin var haldin dagana 20. - 21. mars. Nemendur allra 1.-

7. bekkja fluttu skemmtiatriði sem þeir höfðu æft ásamt bekkjarkennurum og fleirum. Leiklistarval sem er skipað krökkum úr 9. og 10. bekk sýndi stuttan leikþátt. Leikritið fjallaði að þessu sinni um Víkingasögu Íslands en leikstjóri hópsins er Gunnar Sturla Hervarsson.

Árshátíðin er greinilega vinsæl meðal bæjarbúa því uppselt var á allar sýningar.





1. EBD

1. HKA



1. SI



2. HJ



2. MÁ

3. SRR





3. ÁE

4. VH



4. SiG



5. GB



5. SG

5. ÚÁ





6. MRJ



6. SÓ



7. SKR

7. SS



8. GSH



8. KH





9. ÁHF



9. SA



9. EV

hér sérðu 4 kort

debetkort, skólaskirteini, afsláttarkort
og alþjóðlegt stúdentaskirteini.



Loksins á Íslandi er komið ISIC-debetkort!

ISIC-debetkortíð í Námsmannalínu Búnaðarbankans er allt í senn, debetkort, skólaskirteini, afsláttarkort og alþjóðlegt stúdentakort. Þú fækkar ekki aðeins kortunum í veskinu með nýja ISIC-debetkortinu, heldur færðu einnig aðgang að betri kjörum og fríðindum í Námsmannalínunni!

ISIC kortið er útbreiddasta afsláttar- og námsmannaskirteini í heimi. Kortíð er viðurkennt sem staðfesting á skólavist og afsláttarskirteini í yfir 90 löndum og er notað af um 3 milljónum námsmanna um allan heim.

Ef þú ert í námi á framhaldsskóla- eða háskólastigi, komdu þá við í næsta útibúi Búnaðarbankans og tryggðu þér ISIC-debetkortíð. Námsmannalínufélagar fá kortíð sér að kostnaðarlausu.

Debetkort / Fri myndataka / Námsmannalínureikningur / Penni Lægri yfirdráttarvextir / Hærrí innlámsvextir / Geisladiskataska Kreditkort / Skipulagsmappa / Framfærslulán / BÍlprófsstyrkir Námsstyrkir / Netklúbbur / Tölvukaupalán / Útgjaldadreifing Greiðsluþjónusta / Námslokalán / Heimilisbankinn

námsmannalínan
nám er vinna

www.namsmannalinan.is

BÚNAÐARBANKINN
-traustur banki

EINANGRUNARGLER
ÖRYGGISGLER
SPEGLAR

**Gæðavottun
frá RB
5 ára árbyrgð**

GLERHÖLLIN

Ægisbraut 30 • Akranesi • Sími 431 2028 • Fax 431 3828

Blóm og
gjafavara

Búsáhöld og leikföng

Trévörur

Blómaskreytingar
við öll taskiþæri

5%
staðgr. afsláttur

Opnunartími:
Mán.-fös. kl. 10-18
Laugard.kl. 12-16
Lokað sunnudaga



10. BJ

10. LK



Almenni Ökuskólinn ehf

Almenn ökuréttindi
Æfingaakstur – Ökuskóli
Skellinöðrur - Dráttarvélar
Mótorhjólapróf - Meirapróf

Vilhjálmur Gíslason, löggiltur ökukennari
Sigurður Arnar Sigurðsson, löggiltur ökukennari

862-1308
898-1208



Myndir úr skólalífinu



Eitunefni í Sigarettur

Í tóbaksreyk eru meira en 4000 efnasambönd, þar af yfir 40 sem geta valdið krabbameini.



BLÁSÝRA
Bánvænt eitur.
Var notað í fanga-
búðum nasista.



KVEIKJARABENSÍN

BRENNISTEINSVETNI
Mjög eitrað við
innöndun.



ROTTUEITUR

PÓLÓNÍUM 210
Mjög geislavirkt
og getur valdið
krabbameini.



ASETON
til að hreinsa
naglalakk.



AMMONÍAK
Mest notað til að
hreinsa klósett.



ELDFLAUGAELDSNEYTI



KOLMÓNOXÍÐ
Eitrað við innöndun.
Hætta á alvarlegu
heilsutjóni við inn-
öndun við langvarandi
notkun. Getur skaðað
barn í móðurkviði.



SKORDÝRAEITUR

NIKÓTÍN
Eitrað við inntöku.
Einn dropi drepur
mús.



Hægt er að nálgast áhugavert efni um tóbak og tóbaksvarnir á heimasíðu
Tóbaksvarnanevndar, www.reyklaus.is – en þar er sömuleiðis að finna slóðir
margra áhugaverðra aðila sem láta sig tóbaksmál varða.

www.reyklaus.is